

Þriðjudaginn 11. október 1955.

Nr. 130/1955. Ákærvaldið (Sigurður E. Ólason)

gegn

Bergsteini Theodór Þórarinssyni

(Benedikt Sigurjónsson)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt í opinberu máli felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Þann 26. apríl 1955 var tekin til meðferðar í sakadómi Vestmannaeyja kera manns, Ásgeirs Gunnarssonar að nafni, á hendur kærða vegna líkamsárásar á götu þann 25. s. m.

Í skýrslu til lögreglu kvaðst Ásgeir hafa hlotið mikinn áverka af andlitshöggi, er kærði hefði veitt honum. Væri vinstri kinn sín hellubólgin, þrjár tennur lausar í vinstra kjálka og mikill verkur í vinstri kinn. Kærði hefði líka rifið jakka sinn. Ásgeir lýsti því jafnframt fyrir lögreglu, að hann sætti sig við, að málið félli niður, ef kærði gyldi honum kr. 1000.00 í bætur. Fyrir dómi tjáðist kærði eigi muna eftir árás sinni á Ásgeir, enda hafi hann, þ. e. kærði, verið mjög drukkinn, er árásin varð, en bauðst til að greiða sekt og 1000 króna skaðabætur til að sleppa við málssókn. Dómarinn heimfærði brot kærða undir 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og gerði kærða að greiða 100 króna sekt til Menningarsjóðs. Þessa sekt og skaðabæturnar greiddi kærði þann 8. júní 1955.

Þann 1. júní 1955 gaf Jón Sigtryggsson tannlæknir eftirfarandi vottorð um áverka þá, er Ásgeir hlaut: „Ásgeir Gunnarsson hlaut brot á neðra kjálka v. megin við öftustu jaxla. Jafnframt brotnaði jaxl í efra góm, og jaxl er í brotlínu neðra góms, er þarf að taka síðar. Annars lega brotsins góð, og bit gott“.

Með tilvísun til þessa vottorðs hefur dómsmálaráðherra í bréfi 25. júlí 1955 samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 kært til Hæstaréttar til ónýtingar framangreinda ákvörðun héraðsdómarans í Vestmannaeyjum á dómþingi þann 26. apríl 1955 um að lúka málinu með dómssátt. Telur ráðherr-

ann, að málalokin verði „að teljast fjarstæð, þar eð hér virðist vera um að ræða brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Með því að á það má fallast, að samkvæmt gögnum þeim, sem nú liggja fyrir, megi telja dómssáttina fráleita, ber samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 að fella hana úr gildi.

Kostnað af kærumáli þessu ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem kærði, Bergsteinn Theodór Þórarinnsson, gekkst undir fyrir sakadómi Vestmannaeyja þann 26. apríl 1955, er úr gildi felld.

Allur kostnaður af kærumáli þessu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar og Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 600.00 til hvors.

Sátt í sakadómi Vestmannaeyja 26. apríl 1955.

Mætti þá í réttinum ákærði, Bergsteinn Theodór Þórarinnsson sjómaður, skipverji á v/b Birni riddara, Ve 127, til heimilis að Gjábakka, hér, fæddur 1. nóvember 1933 í Vestmannaeyjum.

Áminntur um sannsögli.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951.

Mætti kveðst hafa tekið að neyta áfengis um kl. 1500 í gær.

Áfengi þetta fékk mætti frá Áfengisverzlun ríkisins gegnum póst-afgreiðsluna hér. Aðspurður segir mætti, að hann muni ekkert eftir, hvað átti sér stað eða hvað hann gerði frá því kl. 1700. Kveðst mætti hafa orðið svona drukkinn, og man það síðast, að hann fór kl. 1700 frá Friðarhafnarskýlinu, og var Pétur Sigurðsson, Faxastíg 41, þá með honum, en þeir höfðu verið saman í allan gærdag.

Aðspurður, hvort mætti kannist við þá Ásgeir Gunnarsson og Steindór Árnason, kveðst hann ekki gera það. Hann kveðst heldur ekki muna eftir að hafa barið þá.

Mætta var nú kynnt skýrslan í vaktbókinni og kærurnar á réttarskjölum nr. 1 og 2, og kveðst hann ekkert geta um þær sagt, þar sem hann man ekkert eftir því, sem þar er sagt.

Mætta var sérstaklega kynnt krafa Ásgeirs Gunnarssonar, og

kvaðst hann reiðubúinn að greiða honum 1000 kr. í bætur gegn því, að Ásgeir láti málið þar með falla niður.

Mætti kvaðst einnig reiðubúinn að greiða Steindóri Arasyni fullar bætur vegna árásarinnar á hann gegn því, að hann taki aftur kærú sína á hendur mætta. Þar sem ekki liggur fyrir ákveðin krafa frá Steindóri, verður að fresta afgreiðslu málsins, að því er hann varðar.

Mætti samþykkir að greiða kr. 100.00 sekt til Menningarsjóðs til þess að komast hjá málssókn út af broti hans, sem varðar við 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og greiðist sektin innan 7 daga, og komi ella fyrir 2 daga varðhald. Þá greiði mætti 10 kr. í málskostnað fyrir sama tíma.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Sáttin hefur ítrekunaráhrif.

Priðjudaginn 18. október 1955.

Nr. 42/1954. Vesturnes h/f (Ragnar Ólafsson)

gegn

Faxaborg h/f (Theodór B. Líndal)

og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Skaðabótamál. Skip veldur spjöllum á öðru skipi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1954 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 66.596.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Hann krefst og sjóveðréttar í v/b Faxaborg, RE 126, fyrir fjárhæðum þeim, sem dæmdar verða.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi þann 19. ágúst 1954 og áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður og aðaláfrýjanda verði